

Rifós hf, fiskeldi  
Lóni  
671 Kópaskeri

Reykjavík, 1. nóvember 2019  
UST201910-085/F.T.  
08.12.02

### Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 10. október sl. þar sem áformað var að áminna rekstraraðila vegna frávika sem skráð voru í eftirliti dags. 8. og 9. júlí 2019. Þann 15. og 29. október sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### Frávikin eru eftirfarandi:


- 1. Gr. 2.8 í starfsleyfi.** Frárennsli frá sláturhúsi skal hreinsað fyrir losun í viðtaka. Ekki hefur verið orðið við ábendingum frá fyrri eftirlitum, um að tæma þurfi settjörn við frárennsli sláturhúss. Mikil uppsöfnun er í tjörninni og hún sinnir því ekki hlutverki sínu sem skyldi. Ástand settjarnar bendir einnig til þess að tíðni hreinsunar fitugildru, sem frárennslið fer í gegnum á leið sinni til settjarnarinnar, sé ekki nægileg. **Rekstraraðili hefur sent stofnuninni upplýsingar þess efnis að fitugildra og settjörn hafi verið hreinsaðar þann 25. september sl. Stofnuninni óskar að fá myndir af fitugildru og settjörn því til staðfestingar.**
- 2. Gr. 3.2 í starfsleyfi.** Ársskýrsla skal berast eftirlitsaðila fyrir 1. maí árlega og innihelda niðurstöður mælinga, vöktunar og skráninga. Ársyfirlit innihélt skráningar en ekki niðurstöður mælinga né vöktunar. Vöktunarskýrsla vegna blaðgrænumælinga í Lónum 2018 barst 9. júlí. **Rekstraraðili hefur nú sent stofnuninni framangreindar mælingar og telst frávikin lokið.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **39.600 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.



Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri

Virðingarfyllst



Frigg Thorlacius  
Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra